

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 452/2000, um stjórn hreindýraveiða.

1. gr.

14. gr. orðast svo:

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum eða fangelsi allt að tveim árum og sviptingu skotvopna- og veiðileyfis.

Tilraun til brota gegn reglugerð þessari varða refsingu sem fullframið brot, sbr. 3. kafla almennra hegningarlaga. Hið sama gildir um hlutdeild í brotum.

Gera má upptæk til ríkissjóðs: Ólöglegt veiðifang, veiðitæki og annan búnað sem notaður hefur verið við framkvæmd brots svo og hagnað af ólöglegri veiði og sölu framan-greindra verðmæta. Ekki er það upptöku til fyrirstöðu þótt annar sé eigandi veiðitækis eða annars sem upptaka er heimil á en sá sem sekur hefur gerst við brot á reglugerð þessari. Að öðru leyti skal fara um eignaupptöku samkvæmt ákvæðum 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skulu rekin að hætti opinberra mála.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 14. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með breytingu nr. 100/2000, og öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 2. mars 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 244

14. mars 2001

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Nesjavellir - deiliskipulag orkuvinnslusvæðis.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur sveitarstjórn þann 17. janúar 2001 samþykkt deiliskipulag orkuvinnslusvæðis á Nesjavöllum.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Ártangi, Klausturhólar og Ormsstaðir - deiliskipulag lögbýlanna.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur sveitarstjórn þann 17. janúar 2001 samþykkt deiliskipulag lögbýlanna Ártanga, Klausturhóla og Ormsstaða.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Miðengi - deiliskipulag frístundabyggðar við Miðengisveg.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur sveitarstjórn þann 17. janúar 2001 samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar við Miðengisveg í landi Miðengis.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 14. mars 2001.

Guðmundur Rúnar Svavarsson sveitarstjóri.

20. mars 2001

Nr. 245

REGLUGERÐ

fyrir Hitaveitu Þorlákshafnar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir fyrir allt veitusvæði Hitaveitu Þorlákshafnar.

Veitusvæði Hitaveitu Þorlákshafnar er Þorlákshöfn og þeir bæir sem aðveituæð hitaveitunnar fer um, svo og þeir hlutar Árnassýslu sem borgarstjórn Reykjavíkur og viðkomandi sveitarstjórnir semja um og ráðherra samþykkir.

2. gr.

Stjórn hitaveitunnar.

Hitaveita Þorlákshafnar, hér eftir nefnd hitaveitan, er eign Orkuveitu Reykjavíkur í umboði Reykjavíkurborgar og rekin sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki undir yfirstjórn stjórnar veitustofnana Reykjavíkur og borgarstjórnar Reykjavíkur.

Forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur fer með framkvæmdastjórn veitunnar í umboði stjórnar veitustofnana og borgarstjórnar. Forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur ræður hitaveitustjóra, sem sér um daglega starfsemi, en hitaveitustjóri ræður aðra starfsmenn eftir því sem þörf krefur.

3. gr.

Bókhald og fjárreiður

Orkuveita Reykjavíkur annast bókhald og fjárreiður hitaveitunnar og sér um innheimtu hitaveitugjalda. Bókhaldi hitaveitunnar skal halda aðskildu frá bókhaldi annarra rekstrarþátta Orkuveitu Reykjavíkur.

Reikningsár hitaveitunnar er almanaksárið og skulu reikningar hennar fylgja reikningum Orkuveitu Reykjavíkur ár hvert og vera endurskoðaðir af endurskoðanda hennar.

4. gr.

Verkefni hitaveitunnar.

Verkefni hitaveitunnar er að virkja jarðhita og sjá um gerð og rekstur hitaveitu á veitusvæðinu eftir því sem hagkvæmt er og stjórn veitustofnana og borgarstjórn ákveða. Í þessu skyni skal hitaveitan leita eftir samningum um jarðhitaréttindi og láta bora eftir heitu vatni og virkja þegar hagkvæmt þykir, leggja veitukerfi hitaveitu og annast sölu á heitu vatni til notanda.

Einnig skal hitaveitan reisa og reka önnur mannvirki sem nauðsynleg eru til nýtingar jarðhita.

5. gr.

Hitaveitugjöld.

Til þess að standa straum af kostnaði við hitaveituna innheimtir hún hitaveitugjöld og heimæðagjald, samkvæmt nánari ákvæðum í gjaldskrá er stjórn veitustofnana og borgarstjórn